

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, þingskjal 239, 165. mál.


Samtök atvinnulífsins hafa fengið, í annað sinn, til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971 með síðari breytingum.

Af því tilefni vilja Samtök atvinnulífsins ítreka fyrri áskorun um að Alþingi felli lögin úr gildi. Ákvæði um vinnutíma eru viðfangsefni samningsaðila og samkvæmt eðli máls á verksviði þeirra einna að gera breytingar á þeim. Engir almannahagsmunir réttlæta þá íhlutun í kjarasamninga sem í frumvarpinu felst.

Samtök atvinnulífsins lýsa fullkominni andstöðu við frumvarpið og ítreka að vinnutími er samningsatriði kjarasamninga, sbr. lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda þar sem fram kemur að kjarasamningar sem aðilar vinnumarkaðarins semji um skuli vera lágmarkskjör í landinu.

Meðfylgjandi er [umsögn](#) Samtaka atvinnulífsins frá 19. febrúar 2016. Þar er í þaula rakinn efnislegur rökstuðningur þess að frumvarpið eigi ekki að ná fram að ganga. Vísa samtökin til þeirrar umsagnar í heild og ítreka þau sjónarmið sem þar koma fram.

Virðingafyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson